

Heimsóknin¹

Langdregið kvein, kona sem hrópaði, barn sem grét. Þessi hljóð Ltóku á móti heildsalafrú Andersen, nýkjörnum fulltrúa hægri manna í Fátækrahjálpinni, þar sem hún stóð og tvísté svolítið óþolinmóð framan við kofaræfil. Hvar er inngangurinn í þennan timburkofa? Var ekki einhver leið til þess að koma til aðstoðar þarna inni? Hvar skyldi eiginmaðurinn vera? Þar sem voru kona og barn var líklegt að einnig myndist karlmaður.

Frú Andersen leit í kringum sig. Í frostbirtunni virtust svartir, forugir vegirnir ófærir. Langt var yfir að næsta timburkofa og konunum sem stöðdu á hana þaðan. Og karlarnir tveir sem stóðu þar hjá hrörlegum kofanum sáu líka allt sem fram fór.

Það voru hreinlega merki um andleg veikindi að fólk skyldi glata allri mannlegri reisn og sætta sig við þá vesöld sem hér blasti við.

Heimskulegt að hún skyldi hafa svona mikla peninga á sér og vera þar að auki með litlu fínu laktöskuna, sem hæglega gat vakið ágirnd hjá þeim sem þekktu engan munað. Það var rangt að freista þeirra sem töldu sig ráða ríkjum hérna út frá.

Hún varð þó að gera eitthvað til að komast inn í þennan kofa. Að fara án þess að tala við fólknið sem hún leitaði að var henni ekki samboðið. Það þurfti líka að binda enda á öll þessi ósannindi um neyð og eynd og fátækt og þess háttar.

Auðvitað hafði Poul rétt fyrir sér þegar hann sagði að fólk sem leitaði til Fátækrahjálparinnar nennti ekki að gera neitt eða „nennti ekki að lyfta fingri“. Poul hafði alltaf rétt fyrir sér. Þess vegna varð

¹ Þýðingin er gerð eftir „Et besøg“, *Skyggebilleder*, Kaupmannahöfn: Bøgförlaget Fremad 1929, bls. 7–13.

hann ríkur.

Hana! Nú æpti manneskjan aftur. Hvað skyldi ama að henni? Þetta voru skelfileg óhljóð. Auðvitað var engin ástæða til að óttast. Poul sagði að fátækt fólk emjaði út af engu. En veinin sem komu innan úr kofanum voru svo raunveruleg. Konan gat heldur ekki vitað að hún, Kamilla Andersen, eiginkona Pouls Andersens heildsala, rík frú með 350 krónur í vasanum „til að kaupa undurfallegan lítinn hring“ stæði fyrir utan. Þannig að þetta gat varla verið eintóm uppgerð.

Skerandi óp. Annað til og svo enn eitt barst frá kofanum sem olli því að frú Kamilla æpti líka, meðan hún hljóp til baka niður götuna.

„Guð,“ hún rakst á mann sem bar poka á bakinu og var svo álútur að hann sá ekki fram fyrir sig.

„Þarna – þarna, hún æpir.“

Kamilla Andersen benti á kofann. Maðurinn kastaði af sér pokanum og tók á rás upp að kofanum.

Frú Kamilla sá að hann beindi einhverju að hurðinni sem hrökk upp – svo kallaði maðurinn:

„Komið hingað fljótt! Flýtið yður, fjandinn hafi það.“

Frú Kamilla hikaði aðeins, en hljóp svo í átt að kofanum. Hún varð að fara alla leið inn til að sjá hvað olli því að maðurinn talaði af svo mikilli örvæntingu.

Kamilla Andersen var dóttir skólastjóra. Menntaðs, íhaldssams manns, sem var giftur menntaðri, íhaldssamri konu og saman áttu þau menntað, íhaldssamt heimili sem hvíldi á traustum gildum. Áður en frú Andersen giftist vissi hún sáralítið um leyndardóma lífsins og núna, eftir 15 ára barnlaust hjónaband með Poul Andersen – sem beindi ástríðunum að lausum samböndum eins og heiðursmenn gera þegar þeir virða eiginkonur sínar, var hún enn fávís um hið raunverulega líf. Þarna stóð hún í kofadyrunum og horfðist í augu við blákaldan veruleikann: Konu sem hafði alið barn.

„Getið þér ekki tekið við hér?“ Maðurinn otaði að henni lítilli, organdi rauðri veru, skelfilega dýrslegri. Hún starði á hann, en svaraði ekki.

„Getið þér ekki hjálpað aðeins til – fjandinn hafi það? Þér eruð þó kona.“ Það var gráthljóð í röddinni og það varð til þess að frú Kamilla kom inn fyrir.

„Lokaðu dyrunum.“ Það var konan í rúminu sem talaði.

Frú Kamilla lokaði dyrunum hugsunarlaust og hafði þar með lokað sig inni með því sem maðurinn hélt á.

„Ég skal halda á henni, hlauptu og sæktu Oline í hveli.“

Aftur var það konan í rúminu sem talaði. Rödd hennar var svo ósköp veikburða. Var þetta sama konan og sú sem hafði gefið frá sér þessi hamslausu, skerandi óp? Frú Kamilla starði meðan maðurinn lagði það í rúmið hjá konunni og skaust svo út um dyrnar.

Augu kvennanna mættust. Í augum konunnar í rúminu var vingjarnleg, spyrjandi undrun – í augum frú Kamillu spyrjandi skelfing.

„Þér hafið orðið hræddar. Fáid yður sæti.“

Frú Kamilla hlýddi og settist niður í fátí. Þá sá hún lítið barnsandlit gægjast fram við fótagaflinn á rúminu. Útgrátið andlit með óttablandna undrun í bláum augunum.

„Guð! – Þetta hlýtur að vera nýfædda barnið. Það lítur að minnsta kosti út fyrir að vera raunverulegt barn.“ Bara að Oline léti nú sjá sig. Litla systir þó, að koma svona fyrirvaralaust í heiminn.“ Rödd konunnar var grátklökk og full ástúðar sem beindist að því sem lá í örmum hennar. Systir, sagði hún. Hvernig gat hún vitað að það var systir – þessi hörmung sem lá í fanginu á henni?

„Svona! Svona! Ástin hennar mömmu.“

Konan grét stórum, þungum tárurum sem urðu til þess að frú Kamilla fór líka að gráta. Barnið sem lá til fóta í rúminu hljóðaði líka og skreið upp að vanga konunnar. Nakinn kroppurinn var blárauður af kulda. Skyrtan huldi aðeins hluta líkamans.

Ósjálfrátt stóð frú Kamilla upp til að breiða yfir litla kroppinn. Hún var rétt búin að vefja sænginni um barnið þegar dyrnar voru rifnar upp og illa til höfð, feitlagin kona kom þjótandi inn og skellti aftur hurðinni svo að kofinn skalf.

„Guð minn almáttugur! Liggur þú hérna frú Nielsen og dritar krakkanum í heiminn án þess að hafa nokkurn í húsinu til að taka á móti honum?“

„Taktu hana fyrir alla muni. Guð einn veit hvort hún hefur þetta af.“ Feitlagna konan tók það sem veinaði á ný, en nú var þetta eins og mjálm í veikum ketti.

„Svona! Svona! Taktu þvottaskálina, Nielsen. Svona! Ég var

einmitt nýbúin að kaupa ekta bómullargarn í milliverk í gluggatjöld handa Karoline. Það var nú heppilegt. Hvað hefðum við annars haft til að binda um naflastrenginn á telpunni? Þetta er sannarlega dásamlegt barn. Hún er áreiðanlega einar fjórtán merkur, Nielsen! Hlaupu eftir fröken Thomsen. Það verður að fara að lögum. En réttu mér fyrst þvottaskálina.“

Frú Kamilla stóð í horninu og horfði á feitlöggu konuna sem batt og nuddaði og klippti eitthvað hræðilegt með skærum sem Nielsen hafði dýft í skaftpott með sjóðandi vatni sem stóð á olúeldavélinni. Frú Kamilla heyrði vatnið sjóða í pottinum.

„Ég hefði einmitt átt að vera að selja pokann með gömlu fötunum af haugunum. Ég á ekki einu sinni fimmeyring.“

Enginn hafði svo mikið sem litið á frú Kamillu sem stóð í horninu, skjálfandi af ótta, en ekki eitt augnablik hvarflaði hugur hennar að fínu lakttöskunni.

„Ég á peninga. Hérna, takið þetta fyrir alla muni! Sjáið, þér megið eiga þá alla.“ Hún gat ekki opnað töskuna. Hendurnar skulfu meðan hún reif tíukróna seðlana upp úr töskunni og veskinu.

„Hver eruð þér?“

Það var karlinn sem spurði. Augnatillit hans var hart og kalt.

„Ég? Ég er heildsalafrú Andersen.“

„Hver andskotinn! – Hvað er heildsalafrú Andersen að vilja hjá Nielsen „heildsala“ og frú?“

Hann benti í átt að konunni í rúminu.

„Guð minn almáttugur. Ég tók ekki einu sinni eftir því að þér væruð hér.“

Það var Oline sem hrópaði um leið og hún sneri því við svo að sjá mátti lítið bak og tvo bogna fætur, sem rétt var úr og þeir þvegnir með klút.

„Frúin hefur verið hér allan tímann.“

Það var konan í rúminu sem talaði. Fern augu litu á frú Kamillu Andersen í spyrjandi undrun.

„Ég er frá Fátækrahjálpinni.“ Frú Kamilla rétti konunni í rúminu alla seðlana.

„Frá Fátækrahjálpinni? Með svona mikla peninga?“

Frú Nielsen settist til háls upp í rúminu, en féll strax stynjandi niður aftur.

„Nielsen! Stökktu eftir fröken Thomsen. Þessu verður að sinna.“ Það var myndugleiki í rödd Oline. Hún tók peningana af frú Kamillu, stakk þeim undir kassa sem stóð á borðinu og rétti Nielsen einn seðil.

„Hlauptu nú! – Komdu heim með brauð, kaffi, egg og bjór. Segðu fröken Thomsen að hún eigi að koma undir eins.“

„Þakka yður fyrir!“ Nielsen rétti frú Kamillu höndina.

„Mér þykir afar leitt að þér skuluð vera svona illa stödd.“

Hjálparvana leit hún í kringum sig í herberginu, á Oline og lifandi böggulinn, sem núna líktist næstum því raunverulegu barni, því það var komið í föt, á konuna í rúminu sem leit út fyrir að vera kvalin – hún stundi veikburða og svitinn perlaði á andliti hennar.

„Ja, svona búum við sem sagt.“ Nielsen hélt dyrunum opnum á meðan hún gekk út.

„Koma peningarnir frá yður sjálfri? Fyrirtækið – Fátækrahjálpin, sem sagt – gefur ekkert þessu líkt.“ Hann horfði á tíukrónaseðilinn í hendinni.

„Maðurinn minn – þetta átti að vera fyrir hring“ – hún þagnaði.

„Þakka yður innilega fyrir.“ Kippir fóru um órakað andlitið. Svo var hann hlaupinn niður veginn – auðan sveitaveginn – og grá þokan gleypti hann fyrir augunum á frú Kamillu.

Þórhildur Oddsdóttir þýddi úr dönsku